

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 07		
Dags.: 08.04.2010		
Höfundur: GLÁ		
Samþykkt: HJS		
Síða 1 af 2	ISL 203	
	Kennsluáætlun - Haustönn 2011	

Kennari	Þórdís H. Jónsdóttir	Sk.st.	PHJ
----------------	----------------------	---------------	-----

Áfangalýsing: Í áfanganum verður lesin norræn goðafræði og nemendur kynnast hugmyndaheimi norrænna manna til forna. Nemendur fá kynningu og þjálfun í meðferð heimilda við gerð heimildaritgerða og skrifa verkefni og ritgerð um goðafræði. Einnig verður fjallað um mál og málsögu frá frumnorrænum tíma til okkar daga. Að lokum lesa nemendur eina nýlega íslenska skáldsögu og vinna verkefni sem tengjast henni.

Markmið:

Að nemandi:

- þekki helstu atriði í sögu norrænnar goðafræði.
- kynnist helstu aðferðum við meðferð tilvitnana, tilvísana og heimilda í ritgerðasmíði.
- læri að vinna heimildaritgerð.
- þekki sögu íslenskrar tungu frá upphafi til okkar daga.
- þekki helstu einkenni íslenskunnar og tengsl hennar við önnur tungumál.
- rifji upp helstu hugtök í skáldskapargreiningu og geti beitt þeim í ræðu og riti.

Námsgögn: *Íslenska tvö* eftir Ragnhildi Richter, Sigríði Stefánsdóttur og Steingrím Þórðarson, útgefandi Mál og menning 2007 eða síðar. Skáldsagan *Skugga-Baldur* eftir Sjón, útgefandi Bjartur, útgáfa frá 2010

Áætlun um yfirferð:

1. lota (4 vikur) 22. 8. - 16. 9.

Íslenska tvö: Norræn goðafræði; bls. 10-21, 56-90, 131-137, 188-200, 230-235, 300-310 og 328-333. Farið verður yfir helstu þætti norrænnar goðafræði, um upphaf heimsins og lok hans, skv. norrænni trú, og fjallað um helstu goð og vætti.

Nemendur halda stutta fyrirlestra um efnið sem gilda 10% af lokaeinkunn.

Lotunni lýkur á prófi úr norrænni goðafræði sem gildir 20% af lokaeinkunn.

2. lota (3 vikur) 19. 9. - 7. 10.

Íslenska tvö: Heimildavinna; bls. 37-47, 92-104 og 137-157. Farið verður yfir aðferðir við meðferð og frágang heimilda og gerð heimildaskrár.

Nemendur vinna stutt heimildaverkefni um nor. goðafræði, gildir 10% af lokaeinkunn.

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 07		
Dags.: 08.04.2010		
Höfundur: GLÁ		
Samþykkt: HJS		
Síða 2 af 2	ISL 203 Kennsluáætlun - Haustönn 2011	

3. Iota (3 vikur) 10.10. - 28. 10.

Heimildaritgerð unnin um norræna goðafræði.

Ritgerðin gildir 30% af lokaeinkunn.

4. Iota (3 vikur) 31. 10. - 18. 11.

Íslenska tvö: Málsaga: bls. 48-51, 105-118, 123-130, 158-185, 218-227 og 280-288. Farið verður yfir sögu og einkenni íslensks máls og skyldleika við önnur tungumál.

Lotunni lýkur með prófi úr málsögu sem gildir 20% af lokaeinkunn.

5. Iota (1 – 2 vikur) 21. 11. - 30.11.

Skugga – Baldur: Sagan lesin og rædd. **Lotunni lýkur með verkefni sem gildir 10% af lokaeinkunn.**

Námsmat og vægi námsþátta:

Fyrirlestur um goðafræði	10%
Próf úr goðafræði	20%
Heimildaverkefni	10%
Heimildaritgerð	30%
Próf úr málsögu	20%
Verkefni úr <i>Skugga – Baldri</i>	10%

Ekki er lokapróf í áfanganum. Áhersla er lögð á góða mætingu, ástundun og að verkefnum sé skilað á tilskyldum skiladegi, sbr. reglur um verkefnaskil. Nemendur þurfa að tilkynna skrifstofu VMA ef þeir geta ekki mætt í próf eða skilað verkefnum á réttum tíma vegna veikinda.

Kennsluáætlunin er birt með fyrirvara um hugsanlegar breytingar.

Dagsetning:

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils